

OPIÐ BRÉF

53

19. sept.

er stefnir saman Alþingi til aukafundar laugardaginn 9. október 1937.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til aukafundar laugardaginn 9. október 1937.

Um leið og Vér birtum þetta, bjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá sett Alþingi eftir að guðspjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gjört á Skaganum, 19. september 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

KONUNGSBRÉF

54

19. sept.

um setning Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hér með veita yður, sem forsætisráðherra Vorum, umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til aukafundar laugardaginn 9. október 1937.

Gjört á Skaganum, 19. september 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.